Fundargerð stjórnar GLÍ

Stjórn 2026-2027

6. fundur stjórnar, haldinn 15. október 2026 á skrifstofu GLÍ kl. 13:00

Mættir; Rögnvaldur, Kjartan, Lambi, Sigmundur og Sigurjón.

1. **Fundargerð síðasta fundar**
   Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. **Ýmis framkomin mál frá síðasta fundi**
   - **a.** Fyrirspurn hefur komið frá Umf. Val á Reyðarfirði vegna fyrirhugaðra glímukynninga og æfinga. Ritara falið að svara um upphæð styrkveitinga.
   - **b.** Ferðasjóður íþróttafélaga, úthlutun fyrir 2026
     Vakin er athygli á því að umsóknarsvæði Ferðasjóðs íþróttafélaga er opið til umsóknar um styrki vegna keppnisferða innanlands á fyrirfram skilgreind styrkhæf mót ársins 2026. Umsóknarfrestur er til miðnættis mánudagsins 11. janúar 2027.
     Þau mót sem eru styrkhæf hjá GLÍ, eru Sveitaglíma, Meistaramót, Bikarglíma og Íslandsglíman.
     Það er íþróttafélaganna sjálfra að sækja um þessa styrki, ekki sérsambands. Umsóknarsvæði Ferðasjóðs íþróttafélaga er: https://ferdastyrkir.isi.is/
   - **c.** Svar hefur borist frá íþróttafélaginu Herði varðandi iðkun á íslenskri glímu. Þó starfandi sé glímudeild, þá er þar ekki iðkuð íslensk glíma, heldur júdó og bardagaíþróttir.
   - **d.** Einn keppandi hefur lýst áhuga á að taka þátt í EM í keltneskum fangbrögðum í Englandi, dagana 6-7. apríl 2027. Svara þarf til um fjöldann í byrjun nóvember. Íslandsglíman getur ekki verið helgina fyrir eða eftir mótið.
   - **e.** Staðfesting hefur borist frá Keltneska fangbragðasambandinu um stöðu Íslenskrar Glímu innan þess, en aðeins 2 greinar eru viðurkenndar innan þess, Backhold og Gouren. Borist hafa nánari upplýsingar um fyrirkomulag EM í keltneskum fangbrögðum 6-7 apríl 2027. Þátttaka skal tilkynnt eigi síðar en 1. nóvember, en farið verður fram á frekari frest.
   - **f.** Búið er að festa dagsetningu Bikarglímu á Reyðarfirði, 6. febrúar n.k. Dagsetning Íslandsglímu er að færast eitthvað aftur vegna EM í Keltneskum fangbrögðum, sem verður 6-7 apríl, eins og fram hefur komið áður.
   - **g.** Komið hafa fram spurningar um hvernig valið verður á EM, en bæði í fundargerð frá fundi 2 þann 6. júní og á fundi 5 þann 28. sept. Leitað var í fundargerðum fyrri stjórna, 2-3 ár aftur í tímann og finnast engar reglur skráðar. Varðandi fjármagn, þá ákvað Glímuþing upphæð til erlendra samskipta og setur það stjórn skorður enda Glímuþings að ákveða í hvað fjármagn sambands fer.
   - **h.** Rætt val á glímufólki ársins og efnilegasta glímufólkinu. Gengið verður frá vali að loknu fyrsta móti vetrarins.

Næsti fundur er boðaður 27. október kl. 13:00 á skrifstofu GLÍ

Fundi slitið kl. 14:10. Fundargerð skráð af Sigurjóni Leifssyni

Staðfesting stjórnarmanna:

_____ _____ _____

_____ _____